

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Eskifirði



Dags eftirlits	19.8.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	Staðsetning	733478,28 517684,715

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi en ein athugasemd var gerð við mengunarvarnabúnað stöðvarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Eskifirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um, frá því síðasta eftirlit fór fram. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók.

Tveir geymar hafa verið botnþykktarmældir og hefur Umhverfisstofnun samþykkt áframhaldandi notkun. Úrgangsolúgeymir í stöðinni var tekinn og var skipt um botn í honum. Rafsuður voru svo lekaprófaðar og hefur geymirinn verið samþykktur til notkunar. Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og nú hafa allar lagnir verið þrýstiprófaðar á síðustu 5 árum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Farið var í skoðun á olúbirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þær), olíuskiljur og fráveitumál. Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar hafa verið mældar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki mældist olía í frárennslinu. Olíuskynjari í fráveitukerfi sem slær út dælum var prófaður og reyndist senda skilaboð í tölvu stöðvarinnar en sendi ekki SMS skilaboð til starfsmanna. Gert hefur verið við þetta og eftir endurprófun reyndist búnaðurinn virka eins og til er ætlast.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Við prófun á olíuskynjara í fráveitukerfi stöðvarinnar kom í ljós að SMS boð bárust ekki til starfsmanna sem ábyrgir eru fyrir viðhaldi og eftirliti með stöðinni. Gert hefur verið við búnaðinn en prófa þarf búnaðinn á nokkra mánaða fresti.

Reykjavík, 22.09.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.